

Skrifstofa rektors

25.9.2020/ÞK

Bókfærð mál.

Fyrir fund háskólaráðs 1.10. 2020.

Dagskrárliður 9.i. Skipun öryggisnefndar Háskóla Íslands 2020-2023.

Öryggisnefnd Háskóla Íslands starfar skv. 6. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuvernd á vinnustöðum og 6. og 13. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Háskólaráð skipar nefndina, skipunartími er þrjú ár og rennur tími núverandi nefndar út 15. október nk. Samkvæmt lögnum skulu vera fjórir nefndarmenn, tveir frá vinnustaðnum og tveir fulltrúar starfsmanna.

Lagt er til að núverandi fulltrúar skipi nefndina áfram tímabilið 2020-2023, þ.e. til 15. október 2023, með þeirri breytingu að Jónína Helga Ólafsdóttir, verkefnisstjóri á mannauðssviði taki sæti í nefndinni í stað Sigurlaugar I. Lövdahl, sem er að hætta störfum við HÍ.

Öryggisnefndin verði þá þannig skipuð til næstu þriggja ára:

Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild (fulltrúi HÍ)
Sigríður Jónsdóttir, fræðimaður á Raunvísindastofnun (fulltrúi HÍ)
Sigríður Klara Böðvarsdóttir, forstöðumaður Lífvísindaseturs (fulltrúi starfsfólks)
Jónína Helga Ólafsdóttir, verkefnisstjóri á mannauðssviði (fulltrúi starfsfólks)
NN, áheyrnarfulltrúi stúdenta.

Með nefndinni starfar Snorri Páll Davíðsson, verkefnisstjóri/öryggisfulltrúi, rekstur fasteigna á framkvæmda- og tæknisviði.

Sjá: <https://oryggi.hi.is/>